

**Ed.                      393. Tillaga til rökstuddrar dagskrár                      [194. mál]**

í málinu: Frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Páli Þorsteinssyni og Karli Kristjánssyni.

Þar sem nauðsyn ber til að breyta lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, til samræmis við sveitarstjórnarlög og lög um kosningar til Alþingis, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða í heild lög nr. 81/1936, um sveitarstjórnarkosningar, og leggi frumvarp um það efni fyrir næsta reglulegt Alþingi, þá telur deildin ekki ástæðu til að lögfesta þetta frumvarp og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.